

Nd.

580. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 45 frá 1926, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Sveinn Ólafsson.

1. gr.

Á eftir 2. málsg. í 1. gr. kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hver sá, sem vinnur hjá öðrum, á rétt til hvíldar á helgidögum þjóðkirkjunnar, nema annað sé um samið. Aldrei má þó með samningi binda mann til vinnu nema annanhvern helgidag.

Ákvæði þessi taka þó ekki til venjulegra innanhússverka eða til þeirra verka, er eigi má fresta, svo sem skepnuhirðingar, umhirðu véla, er þurfa daglegrar gæzlu, vinnu á skipum, þar sem fylgt er reglum um vökuskipti, og annars því um líks.

Eigi má heldur skuldbinda mann til vinnu að veiðiskap eftir kl. 10¹/₂ f. h. og til kl. 1 e. h. á helgidegi.

2. gr.

7. gr. orðist þannig:

Bönn þau, sem talin eru í undanfarandi greinum, ná yfir allan daginn föstudaginn langa og hinn fyrra helgidag stórhátíðanna. Þau gilda einnig eftir kl. 6 kvöldið fyrir þessa daga.

3. gr.

Á eftir 7. gr. komi 2 nýjar greinar, er verða 8. og 9. gr., og breytist eftir því greinatala laganna:

- a. (8. gr.) Báða helgidaga stórhátíðanna, skirdag og föstudaginn langa eru bannaðar vinveitingar á opinherum veitingastöðum.
- b. (9. gr.) Rétt er, að fiskimenn séu í höfn á jólum, og heima, ef skipstjóri telur því verða við komið.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er undirbúið í samráði við og með aðstoð atvinnumálaráðh. af þriggja manna nefnd, sem síðasti aðalfundur Prestafélags Íslands kaus til þess að endurskoða helgidagalöggjöfina og koma fram með breytingar, þar sem þess væri einkum þörf. Það þótti ekki rétt að bera fram neinar stórfelldar breytingar að svo stöddu máli, heldur reyna að rétta hlut þeirra, sem réttinn hafa minnstan, eða jafnvel engan í þessum efnunum. En í þeim flokki eru fyrst og fremst bifreiðarstjórnarnir, sem gildandi helgidagalöggjöf tryggir engan rétt, og þá einnig sjómenn vorir, sem stundum hafa jafnvel orðið að láta úr höfn þegar stórhátíðir fara í hönd eða helgi er að byrja, til að nota þær sem bezt. Frv. þetta fer aðeins skammt til að bæta úr þessu, en mundi þó, ef að lögum yrði, stuðla að því, að á þessu yrði nokkur breyting til bóta.